

kr. 3.000,00 og Eymundi Jóhannssyni, Víghólastíg 16, Kópavogi, kr. 200,00.

Ákærði greiði Trausta Elliðasyni, Lindarflöt 37, Garðabæ, kr. 900.000,00 með 5% ársvöxtum frá 13. maí 1978 til greiðsludags, kr. 90.000,00 ásamt 19% ársvöxtum frá sama degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 2. apríl 1980, 43,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma, og kr. 5.759,00 án vaxta.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar sem talin laun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., kr. 42.000,00 og saksóknarlaun í ríkissjóð að fjárhæð kr. 30.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 27. júní 1985.

Nr. 145/1985. **Jóhanna Tryggvadóttir**

gegn

Páli Ásgeiri Tryggvasyni

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 2. júní 1985, sem barst Hæstarétti 7. s.m.

Hann krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá „rétti“, en til vara, að „fógetaúrskurður um hlutafjáreign Páls Ásgeirs verði dæmdur ógildur.“ Enn fremur krefst hann þess, að málskostnaðar-ákvæði hins kærða úrskurðar verði felld úr gildi. Loks krefst hann þess, að Hæstiréttur dæmi ógild „ærumeiðandi ummæli fógeta“ um sig.

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð.

Á hluthafafundi 17. desember 1984 var lögð fram tillaga skilanefndar að úthlutunargerð vegna slita Júpíters h/f. Var hún byggð á hlutafé að fjárhæð 2.495,00 krónur. Í málinu er ekki annað fram komið en greiðslur til hluthafa skuli vera í réttu hlutfalli við hlutfjáreign þeirra, sbr. 119. gr. laga nr. 32/1978. Í máli þessu er ágreiningur um hlutfjáreign aðiljanna og þar með um skiptagerðina sjálfa. Brestur því lagaheimild til, að sóknaraðili beri mál þetta undir Hæstarétt með kæru, sbr. e lið 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti ex officio.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti ex officio.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. maí 1983.

I.

Sækjandi þessa máls er Jóhanna Tryggvadóttir, nafnnúmer 5058-1268, Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði.

Varnaraðili er Páll Ásgeir Tryggvason, nafnnúmer 7032-5845, búsettur í sendiráði Íslands í Moskvu.

Málið var tekið til úrskurðar þann 10. maí 1985.

— — —

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfum sóknaraðilja, Jóhönnu Tryggvadóttur, í máli þessu.

Við slit á hlutafélaginu Júpíter ber að leggja til grundvallar, að varnaraðili, Páll Ásgeir Tryggvason, eigi hlutafé í félaginu að fjárhæð kr. 344,00

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 20.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.
